

Auglýsing um tollkvóta vegna innflutnings á ostum frá Noregi.

Með vísan til 65. gr. B búvörulaga nr. 99/1993, með síðari breytingum og til reglugerðar um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á ostum frá Noregi nr. 1246/2025, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta fyrir eftirfarandi innflutning á smurostum frá Noregi og með upprunavottorð þaðan fyrir tímabilið **1. janúar – 31. desember 2026.**

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Úr tollskrárn.:			kg	%	kr./kg
0406.3000	Smurostur	01.01.-31.12.26	13.000	0	0

Berist umsóknir um meira magn um innflutning en auglýstum tollkvóta nemur, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Umsóknar- og tilboðsferli vegna úthlutunar tollkvótans fer fram með rafrænum hætti á vefkerfinu tollkvoti.is. Nýskráning notenda í vefkerfið fer fram hjá atvinnuvegaráðuneytinu. Ef óskað er eftir nýskráningu notenda skal hafa samband við atvinnuvegaráðuneytið atr@atr.is.

Opnað verður fyrir umsóknir á tollkvoti.is; mánudaginn 1. desember 2025 og skulu umsóknir berast fyrir kl. 23.59, mánudaginn 8. desember 2025.

*Atvinnuvegaráðuneytinu,
desember 2025.*